

AÐAL SAFNAÐARFUNDUR

Aðal safnaðarfundur Lindasóknar verður haldinn sunnudaginn 15. apríl að lokinni guðsþjónustu í Salaskóla.

DAGSKRÁ

Venjuleg aðalfundarstörf, kosning hluta aðalmanna og varamanna.

Sóknarnefnd



DAGSKRÁIN Í VOR OG SUMAR

Senn líður að lokum vetrarstarfsins í Lindasókn, en það hefur jafnframt í för með sér breytingar á helgihaldinu. **SÍÐASTA GUÐSÞJÓNUSTAN** í Salaskóla þennan vetur verður 22. apríl. **VORFERÐ SUNNUDAGASKÓLANS** verður farin viku síðar eða sunnudaginn 29. apríl. Farið verður í Guðmundarlund, sungið, leikið, grillað og tjillað. Búið er að panta gott veður sem vonandi stenst.

SUNNUDAGASKÓLI Í MAÍ Sunnudagana 6., 13., og 20. í maí verður sunnudagaskólahald í Safnaðarheimli Lindasóknar. Þar verður boðið upp á brúðuleikhús og útleiki ef veður leyfir.

HELGIHALD Í SUMAR Sameiginlegar guðsþjónustur Linda-, Digraness-, Kársnes- og Hjallasafnaða verða alla sunnudagsmorgna kl. 11 frá júnibyrjun til ágústloka sem hér segir: Júní í Hjallakirkju, júlí í Kópavogskirkju og ágúst í Digranes Kirkju. Prestar safnaðanna skiptast á með að þjóna í guðsþjónustunum.



Ljósmyndasýning í Smáralind

Andlit Indlands

Heillandi andlit, litir og framandi aðstæður birtast í myndum Kristjáns Inga Einarssonar ljósmyndara frá ferð hans til Indlands í nú janúar.

Börn og kjör þeirra eru víðfangsefni sýningarinnar sem einnig markar upphaf páskaöfnunar Hjalparstarfs kirkjunnar fyrir menntun fátækra barna á Indlandi.



Hjálparstarf kirkjunnar

Safnaðarheimili Lindasóknar Uppsölum 3, 201 Kópavogur Sími: 544 4477 Fax: 544 4478.

Húsvörður: Sigríður Kjartansdóttir, sigridur@lindakirkja.is Heimasíða: www.lindakirkja.is

Sóknarprestur: Guðmundur Karl Brynjarsson, gudmundur.karl@lindakirkja.is Prestur: Bryndís Malla Elidóttir, smalla@breidholtskirkja.is. Tónlistarstjóri: Keith Reed, keith@lindakirkja.is.

FRÉTTABRÉF LINDASÓKNAR

1. töl. 5. árg. PÁSKAR 2007

www.lindakirkja.is

Dagskrá dymbilviku og páska í Lindasókn



Miðvikudagurinn 4. apríl kl. 19

PARSIFAL

Óperukynning.

Keith Reed, tónlistarstjóri kynnir óperu Richard Wagner, **Parsifal** í Safnaðarheimili Lindasóknar.

SJÁ NÁNAR INNI Í BLAÐINU

Fimmtudagurinn 5. apríl

SKÍRDAGUR

Kl. 18:00 Rétt fyrir sjö - lokastund - Kærleiksmáltíð í Safnaðarheimili Lindasóknar.

Kl. 19:30 ÓPERUKYNNING - Parsifal, síðari hluti.

Föstudagurinn 6. apríl kl. 13

FÖSTUDAGURINN LANGI

Samlestur í Safnaðarheimili Lindasóknar. Þíslarsagan samkvæmt Jóhannesi guðspjallamanni.

Laugardagurinn 7. apríl kl. 15

PASSION OF THE CHRIST

Mynd Mel Gibson frá árinu 2005 verður sýnd í Safnaðarheimili Lindasóknar.

Umræður að sýningu lokinni. **Aðgangur ókeypis.**



Yngri en 16 ára í fylgd með fullorðnum!

Sunnudagurinn 8. apríl kl. 11

PÁSKADAGUR

KRISTUR ER UPPRISINN!

Guðsþjónusta í Salaskóla fyrir allan aldur. Páskaeggjaleit fyrir börnin að guðsþjónustu lokinni.



FYRSTA SKÓFLUSTUNGA AÐ LINDAKIRKJU

Sunnudagurinn 4. febrúar var merkilegur dagur í sögu safnaðarins því tekin var fyrsta skóflustunga að Lindakirkju. Skóflustunguna tóku Þorvaldur Þorvaldsson og Vaka Víðisdóttir. Þorvaldur hefur verið trúfastur kirkjugestur frá upphafi helgihalds í sókninni en Vaka er önnur tveggja barna sem skírð var í fyrstu guðspjónustu safnaðarins 8. sept. 2002.

Kór Lindakirkju söng, ávörp fluttu Arnór Pálsson, formaður sóknarnefndar og Þorvaldur Ólafsson formaður byggingarnefndar Lindakirkju. Prestarnir lásu ritningarlestra. Biskup Íslands, hr. Karl Sigurbjörnsson flutti ræðu, bað fyrir framkvæmdunum við Lindakirkju og blessaði grundina þar sem kirkjan mun standa.

Þorvaldur Þorvaldsson og Vaka Víðisdóttir taka fyrstu skóflustunguna.

Varla höfðu þau Vaka og Þorvaldur tekið fyrstu skóflustunguna fyrr en tekið var til óspilltra málanna og stórvirkar vinnuvélar Arnarverks hófu framkvæmdirnar með drunum og látum.

Að athöfn lokinni var viðstöddum, sem voru um 250 talsins, boðið að þiggja kaffisopa og kleinur í safnaðarheimilinu og skrifa nafn sitt í gestabók.



Fjöldmenni var við skóflustunguna þennan fallega vetrardag.

SKÍRN

Júlia Margrét var skírð 22. desember heima í Jötunsölum 2. Foreldrar hennar eru Margrét Jóna Þórhallsdóttir og Sigurður Hreiðar Jónsson. Stóri bróðir Júlíu Margrétar er Jón Arnar.

Eiríkur Örn sem búsettur er í Danmörku ásamt fjölskyldu sinni var skírður 30. desember. Foreldrar hans eru Inga Freyja Arnardóttir og Páll Þórir Beck. Systkini Eiríks Arnar eru Erna Sif og Egill Þór

Arnar Máni var skírður 30. desember. Foreldrar hans eru Marta Kristín Sigurjónsdóttir og Stefán Axel Stefánsson. Eldri bróðir Arnars Mána heitir Mikael.

Egill var skírður 6. janúar heima í Sólarsölum 6. Foreldrar hans eru Margrét Pálsdóttir og Jón Egilsson. Eldri systkini Egils heita Ernir og Sunna.

Jón Pétur var skírður 20. janúar. Foreldrar hans eru Sandra Rós Pétursdóttir og Sverrir Jón Gylfason. Systkini Jóns Péturs eru Katrín Hvönn og Kristófer Snær.

Oddný Helga var skírð 3. febrúar heima í Dimmuhvarfi. Foreldrar hennar eru Ragnheiður Gróa Hafsteinsdóttir og Gunnar Þ. Steingrímsson. Systkini Oddnýjar Helgu eru Iðunn, Þorsteinn Sturla og Steingrímur.

Baldvin Ísleifur var skírður 17. febrúar heima í Blásölum 4. Foreldrar hans eru Benný Sif Ísleifsdóttir og Óskar Garðarsson. Systur Baldvins Ísleifs eru Salný Vala, Særós Eva, Söldís Alda og Selma Dagmar.

Hólmar Helgi var skírður í Dómkirkjunni 17. febrúar. Foreldrar hans eru Helga Lára Sigurjónsdóttir og Grétar Þór Steinþórsson.

FRÉTTABRÉF LINDASÓKNAR

Ábyrgð, ritun og uppsetning: Sr. Guðmundur Karl Brynjarsson. Fréttabréfið er gefið út í 4000 eintökum og dreift á öll heimili í Lindasókn.



Mynd: Haraldur Guðjónsson/hagmynd.com

Að venju fengum við í Lindasókn inni með fermingar í Hjallakirkju þetta vorið. Svo mun og verða þar til Lindakirkja verður risin. Fyrsta fermingin í nýju kirkjunni verður, ef að líkum lætur, vorið 2009. Fermt var í samtals sex athöfnum laugardagana 17., 24. og 31. mars kl. 10.30 og kl. 13.30. Í vetur sóttu 115 börn fermingarfræðslu í Lindasókn og hafa aldrei verið fleiri. Farið var í ferðalag Vatnaskóg í upphafi vetrar, en börnin luku í vetur bæði skriflegu prófi og gerðu munnleg skil á utanbókarlærdómi.

DJÁKNI Í LINDASÓKN

Sunnudaginn 25. febrúar síðastliðinn vígði biskup Íslands tvo presta og fjóra djákna í Dómkirkjunni í Reykjavík. Þeirra á meðal var Kristín Sigríður Garðarsdóttir, sem vígðist til Lindasóknar.

Kristín er fædd og uppalin í Kópavogi, á þrjú börn og tvö ömmubörn. Hún starfaði á árum áður sem áfengis- og vímuefnaráðgjafi. Hún lauk djáknanámi frá Háskóla Íslands 2005. Auk þess hefur hún lokið klínísku sálfræðinámi undir handleiðslu Gunnars Matthíassonar, sjúkrahúsprests. Kristín er auk þess í námi í sálgæslu barna og unglunga.



Sr. Guðmundur Karl og Kristín Garðarsdóttir, djákni

P A R S I F A L

Eins og getið er um á forsiðu blaðsins mun Keith Reed, tónlistarstjóri Lindasóknar halda kynningu á óperunni *Parsifal* eftir Richard Wagner í Safnaðarheimili Lindasóknar í dymbilvikunni. Kynningin verður í tveimur hlutum, fyrri hlutinn verður miðvikudaginn 4. apríl kl. 19 en síðari hluti fimmtudaginn 5. apríl (skírdag) kl. 19:30. *Parsifal* var síðasta ópera Wagners. Hún var fyrst flutt sem sviðsvígsluverk Óperuhússins í Bayreuth í Þýskalandi árið 1882. Óperan er nokkurs konar dæmisaga um átök kristni og heiðni, góðs og ills, ljóss og myrkurs og er saga hennar fléttuð inn í atburði páskanna. Að lokinni innleiðingu verður flutningur frá Bayreuth óperunni á *Parsifal* sýndur á tjaldi. Þó Safnaðarheimili Lindasóknar sé ekki stórt er óhætt að mæla með myndgæðum og hljómi.

